




Búsetupjónusta

Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar

Ráðgjafarsvið KPMG

Apríl 2025



Helstu niðurstöður

Í búsetukjörnum Akraneskaupstaðar starfar kraftmikill og jákvæður hópur starfsfólks sem tilbúið er að takast á við krefjandi verkefni. Jákvætt viðhorf er til breytinga og aukinnar skilvirkni í rekstri bæði hjá stjórnendum og starfsfólki. Tækifæri liggja í samþættingu búsetu-, stuðnings- og stoðþjónustu og einnig í því að rýna skipurit með tilliti til samrekstrar búsetukjarna og samnýtingar mannauðs.



Rekstrarumhverfi

Rekstrarkostnaður hefur vaxið umtalsvert umfram verðlagsþróun. Heildarkostnaður við rekstur búsetuþjónustu eru 613 m.kr. og þar af er launakostnaður 590 m.kr. eða um 96%. Launakostnaður vegna yfirvinnu er um 20%.

Framlög Jöfnunarsjóðs vegna reksturs búsetuúrræða árið 2024 námu 495 m.kr. Framlög Jöfnunarsjóðs eru 81% af rekstarkostnaði.



Veikindafjarvistir

Hlutfall veikindafjarvista er 5,6% sem er ekki í hátt í samanburði við aðrar stofnanir með álíka þjónustu. Er þá horft til starfsumhverfis þar sem umönnunarpungi og álag er mikið.

Greining leiddi í ljós að ekki er fylgni á milli meðaltals SIS-mats íbúa í hverjum kjarna og veikinda starfsmanna. Tækifæri eru í því að rýna vaktaplön með það að markmiði að draga úr yfirvinnu.



Verklag og gæðakerfi

Nauðsynlegt er að uppfæra verklagsreglur og tengja þær við gæðakerfi í búsetuþjónustu þannig að þær séu aðgengilegar öllu starfsfólki, í virkri notkun og tengdar við málakerfi.

Auka þarf stuðning við stjórnendur í mannauðsmálum og bæta yfirsýn yfir veikindafjarvistir. Leggja þarf rækt við mannauð og styrkja liðsheild og skapa þannig gott vinnuumhverfi.

01

Inngangur

Um verkefnið

DRAFT

Viðfangsefnið

Markmiðið með verkefninu er að stuðla að bættri yfirsýn á mannauðsmál og fjarveruskráningar í búsetuþjónustu Velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar. Jafnframt að greina tækifæri til úrbóta og samrekstrar með það að markmiði að bæta rekstrarskilyrði og starfsumhverfi.

Að lokum eru helstu áskoranir og áhættur kortlagðar og mat lagt á kostnað við [og ávinning af því] að samþætta þjónustu við eldra fólk („Gott að eldast“), og gerðar tillögur að næstu skrefum.

Niðurstöðum greiningar á gæðakerfi og tillögum að útfærslu þess hefur verið skilað til verkkaupa.

Verklag KPMG

Afurðum verkefnisins er skipt í þrjá hluta. Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum vegna mannauðsmála og fjarveruskráninga búsetuþjónustu Velferðar- og mannréttindasviðs.

Í verkefnistillögu var gert ráð fyrir að afurðum yrði skilað í Power BI gagnvirknu mælaborði. Breyting var gerð á framsetningu niðurstaðna að höfðu samráði við verkkaupa þar sem gögnin leyfa ekki samanburð á milli ára.

Framsetning í PBI fæli því ekki í sér aukið virði fyrir verkkaupa á þessum tímapunkti.

Fyrirvari:

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna samantektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli **hennar** eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

Búsetuþjónusta

DRAFT


Þjónustu- og rekstrarmódel

Akraneskaupstaður sinnir lögbundnu hlutverki sem felur í sér þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Starfseminni má skipta í tvo meginþætti: Annars vegar þjónustumódel, sem skilgreinir hvaða þjónustu á að veita og fyrir hverja, og hins vegar rekstrarmódel sem skilgreinir hvernig Akraneskaupstaður skipuleggur starfsemi sína til þess að geta veitt þjónustuna.

Rekstrarkostnaður við búsetuþjónustu er nánast alfarið launakostnaður.

Skipulag mannauðs, framkvæmd þjónustu og mælingar í rekstri eru hér lykilforsendur greiningar.



Núverandi staða

Þrír búsetukjarnar eru reknir á vegum Velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar

Alls eru 22 einstaklingar í búsetuþjónustu. SIS-mat þeirra er á bilinu 4 – 14 stig. Er þá bæði tekið tillit til íbúa og þjónustuþega í utankjarnaþjónustu sem tengdir eru við rekstur búsetukjarnanna. Tveir fullorðnir einstaklingar eru í sérhæfðri búsetuþjónustu utan sveitarfélagsins og vegur kostnaður vegna þeirra úrræða þungt.

Bygging nýs búsetukjarna er hafin en hefur verið sett á bið.

Kröfur um gæði þjónustu eru skilgreindar og bundnar í lög, reglugerðir og gæðaviðmið útgefin af Gæða- og eftirlitsstofun velferðarmála. Kröfur um einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu við fatlaða eru lögbundnar.

Búsetukjarnarnir eru ólíkir í eðli sínu og þarf að taka tillit til þess við greiningu á rekstrarumhverfi. Áskoranir í umhverfi kjarnanna eru fjölmargar og tengjast m.a. samskiptum við aðstandendur, starfsmannaveltu, varðveislu gagna, samskiptum á milli kjarna og skipulagi vakta.




Skipurit og mannauður

Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs fer fyrir sviðinu. Undir hann heyrir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna, sem er næsti yfirmaður forstöðumanna búsetuþjónustunnar. Forstöðumenn fara fyrir rekstri hver síns búsetukjarna, fara með mannaforráð og bera ábyrgð á rekstri hans. Stöðugildi starfsmanna eru alls 50,5 að forstöðumönnum og deildarstjórum meðtöldum. Í kjörnunum starfar kraftmikill og jákvæður hópur starfsfólk sem tilbúið er að takast að við krefjandi verkefni. Jákvætt viðhorf er til breytinga og aukinnar skilvirkni í rekstrinum er bæði hjá stjórnendum og starfsfólki.



Rekstur og launakostnaður

Áhyggjur eru af auknum rekstrarkostnaði í búsetuþjónustu og þá sérstaklega vegna fjarvista. Yfirvinna tímaráðinna starfsmanna vegur þungt í rekstrinum og leita þarf leiða til að draga úr þeirri þróun. Rekstur Beykiskóga er þyngri en hinna kjarnanna vegna mikilla þjónustuþarfa íbúa, sérstaklega tengt öryggispáttum og hegðunarvanda. Unnið hefur verið að því síðustu misseri að tengja hluta af stoðþjónustu (yfir 60 tíma) við búsetuna og er þá notað hugtakið utankjarnaþjónusta.



Gæðaviðmið Akraneskaupstaðar

Mikilvægt er að tryggja að lögum sé fylgt, að gæðakerfi og gæðahandbók sé í virkri notkun og aðengileg og að viðmið um góða starfshætti séu til staðar. Samræmt verklag og verklagsreglur stuðla að sameiginlegum skilningi starfsmanna, þjónustuþega, aðstandenda og stjórnenda.

Hlutfall veikindafjarvista

DRAFT

6%
Veikindahlutfall

Forsendur KPMG				
	Beykiskógar	Þjóðbraut	Laugarbraut	Samtals
Forsendur vinnustundir				
Greiddir vinnudagar á mánuði	21,7	21,7	21,7	
Greiddir vinnudagar á ári	260	260	260	
Greiddar klst. á dag	8	8	8	
Greiddar klst. á ári	2.080	2.080	2.080	
Stöðugildi				
Greidd stöðugildi	21,7	16,6	12,2	51
Heildar fjöldi klst.	45.136	34.528	25.376	105.040
Veikindi fastráðinna (fjarvist upp í vinnutíma)				
Veikindaklst.	2.868	903	1.176	4.947
Langtímaveikindi klst.	904			904
Veikindahlutfall fastráðinna				
Skammtímaveikindi	6%	3%	5%	5%
Langtímaveikindi	2%	-	-	1%
Alls	8%	3%	5%	6%

Forsendur miðast við greiddar vinnustundir í dagvinnu og vaktavinnu. Greiddar vinnustundir miðast við 40 stundir á viku, hvort um sé að ræða vaktavinnu eða dagvinnu. Yfirvinna greiðist umfram 40 stunda vinnuviku. Starfsfólk í tímavinnu undanskilið.

Lykiltölur Laugarbraut

DRAFT

145 m.kr.

Launakostnaður
lækkaði um 3,1 m.kr. milli ára
eða um 2%.

Rekstur



Framlög Jöfnunarsjóðs árið
2024 voru lægri en
rekstrarkostnaður og
niðurstaða ársins því neikvæð
um 8 m.kr.


16,6

Stöðugildi

Þróun rekstrarkostnaðar

Samanlagður rekstrarkostnaður síðustu
þriggja ára nemur um 456,9 m.kr.

Laun og og launatengd gjöld eru um
96% af rekstrarkostnaði.



6

Fjöldi íbúa




60

Heildar SIS mat íbúa



10

Meðaltals SIS mat



Lykiltölur Beykiskógar

DRAFT

246 m.kr.

Launakostnaður
lækkaði um 1,7 m.kr. milli ára
eða um 0,7%.

Rekstur



Framlög Jöfnunarsjóðs árið
2024 voru lægri en
rekstrarkostnaður og
niðurstaða ársins því neikvæð
um 80 m.kr.


21,7

Stöðugildi

Þróun rekstrarkostnaðar

Heildar rekstrarkostnaður síðustu
þriggja ára nemur um 718,6 m.kr.

Laun og og launatengd gjöld eru um
98% af rekstrarkostnaði.



7

Fjöldi íbúa
þar af 2 í
utankjarnþjónustu




74

Heildar SIS mat íbúa



10,6

Meðaltals SIS mat



Lykiltölur Þjóðbraut

DRAFT

199 m. kr.

Launakostnaður
hækkaði um 17,3 m.kr. milli ára
eða um 9,5%.

Rekstur



Framlög Jöfnunarsjóðs árið
2024 voru lægri en
rekstrarkostnaður og
niðurstaða ársins því neikvæð
um 26 m.kr.


12,1

Stöðugildi

Þróun rekstrarkostnaðar

Heildar rekstrarkostnaður síðustu
þriggja ára nemur um 718,6 m.kr.

Laun og og launatengd gjöld eru um
98% af rekstrarkostnaði.



9

Fjöldi íbúa
þar af 4 í
utankjarnabjónustu




81

Heildar SIS mat íbúa



8,1

Meðaltals SIS mat



Rekstrarkostnaður og framlög

DRAFT

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður hefur aukist og hækkunin er umtalsvert umfram verðlagspróun á árunum 2021-2024. Launakostnaður hefur að jafnaði verið um 96-97% af rekstrarkostnaði búsetukjarnanna.

Árið 2024 var launakostnaður 590,1 m.kr. en rekstrarkostnaður alls 613,8 m.kr.

Rekstrarkostnaður					
Í þús. kr.	2021	2022	2023	2024*	2025*
Sambýlið við Laugarbraut	142.402	149.650	154.718	152.485	161.111
Beykiskógar	148.217	212.494	251.642	254.488	283.863
Þjóðbraut	147.323	170.304	190.096	206.869	247.783
Samtals	437.942	532.447	596.457	613.842	692.757
Breyting milli ára	-	21,6%	12,0%	2,9%	12,9%
Breyting VNV	-	5,7%	9,9%	6,7%	4,6%

Framlög Jöfnunarsjóðs

Framlög Jöfnunarsjóðs vegna rekstur búsetuúrræða árið 2024* nam 494,8 m.kr. Rekstur heimilanna kostaði á sama tíma 613,8 m.kr.

Framlög Jöfnunarsjóðs svara til um 80,6% af rekstrarkostnaði.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli SIS-mats			
	Sambýlið við Laugarbraut	Beykiskógar	Þjóðbraut
Aðrar tekjur	3.600.000	861.485	295.636
Framlög jöfnunarsjóðs	140.669.345	173.569.890	180.606.508
Heildartekjur	144.269.345	174.431.375	180.902.144
Launakostnaður	145.055.190	246.045.892	199.021.752
Annar kostnaður	7.429.692	8.442.551	7.846.828
Heildar gjöld	152.484.882	254.488.443	206.868.580
Niðurstaða	-8.215.537	-80.057.068	-25.966.436

* Kostnaður vegna árana 2024 og 2025 er byggður á áætlun



Launakostnaður Laugarbraut

DRAFT

Þróun launa

Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum hefur lækkað á Laugarbraut á síðustu árum á sama tíma og laun hafa hækkað minna en launavísitala opinbera starfsmanna frá árinu 2021.

Launakostnaður árið 2024 nam um 145 m.kr. og áætlanir gera ráð fyrir um 153 m.kr. launakostnaði árið 2025.

Yfirvinna lækkaði úr 41 m.kr. árið 2023 í 30 m.kr. árið 2024, gert er ráð fyrir svipaðri yfirvinnu árið 2025 (31 m.kr.)


Hlutfall launaliða af heildarlaunum

Yfirvinna var um 21% af launakostnaði ársins 2024. Yfirvinna lausráðinna starfsmanna var 4,3% af heildarlaunagreiðslum.


Samkvæmt áætlun 2025 er gert ráð fyrir því að yfirvinna lausráðinna starfsmanna lækki úr 6,2 m.kr. árið 2024 í 3,5 m.kr. árið 2025.

Heildaryfirvinna árið 2024 var 30,4 m.kr. árið 2024 og lækkaði um 10,7 m.kr. á milli ára.

Laun og yfirvinnuhlutfall
(Í m.kr)



Launakostnaður Laugarbraut 2024



* Kostnaður vegna árana 2024 og 2025 er byggður á áætlun

Launakostnaður Beykiskógar


DRAFT

Þróun launa

Launakostnaður á Beykiskógi hefur hækkað töluvert umfram þróun launavísitölu opinberra starfsmanna á síðustu árum. Árið 2024 nam heildarlaunakostnaður um 246 m.kr. Þess ber að geta að launakostnaður lækkaði á milli árana 2023 og 2024 sem skýrist að einhverju leyti af minni yfirvinnu.

Hlutfall yfirvinnulauna af heildarlaunum nam um 21% árið 2024 en var um 27% árið á undan

Laun og yfirvinnuhlutfall
(Í m.kr)




Hlutfall launaliða af heildarlaunum

Yfirvinna hefur verið á bilinu 21-27% af launakostnaði Beykiskógar á síðustu árum.

Árið 2024 var yfirvinna 20,5% af heildarlaunum og yfirvinna lausráðinna starfsmanna var 6,4% af heildarlaunagreiðslum kjarnans, eða um 15,8 m.kr.

Heildaryfirvinnugreiðslur námu um 50,5 m.kr. árið 2024 og lækkuðu um 16,7 m.kr. á milli ára.

Launakostnaður Beykiskógar 2024



* Kostnaður vegna árana 2024 og 2025 er byggður á áætlun

Launakostnaður Þjóðbraut


DRAFT

Þróun launa

Launakostnaður á Þjóðbraut hefur hækkað í takt við launavísitölu undanfarin ár. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum hefur verið frá 24-28% á síðustu árum.

Árið 2024 nam launakostnaður vegna yfirvinnu og launa utan launakerfisins um 65,8 m.kr. – Þar af voru laun utan launakerfis um 18,6 m.kr. Launakostnaðar vegna yfirvinnu og launa utan launakerfis hækkaði um 15,1 frá árinu 2023

Laun og yfirvinnuhlutfall
(Í m.kr)




Hlutfall launaliða af heildarlaunum

Yfirvinna sem hlutfall af heildarlaunum nam um 22% árið 2024, að auki voru laun utan launakerfis um 8,5% af heildarlaunagreiðslum það árið.

Yfirvinna lausráðinna starfsmanna nam um 6,3% af heildarlaunakostnaði.

Í samanburði við aðra búsetukjarna er yfirvinnuhlutfall og hlutfall launa utan launakerfis hærra á Þjóðbraut.

Launakostnaður Þjóðbraut 2024



* Kostnaður vegna árana 2024 og 2025 er byggður á áætlun

Laun og launatengd gjöld


DRAFT

Samanburður á launakostnaði búsetukjarna

Heildarlaunakostnaður búsetukjarnanna þriggja nam um 590 m.kr. árið 2024 sem er hækkun um 12,5 m.kr. frá árinu á undan. Áætlanir gera ráð fyrir að launakostnaður árið 2025 verði um 677,4 m.kr.

Mest hækkar launakostnaður á Þjóðbraut eða um 41,5 m.kr., launaliðurinn hækkar um 34,7 m.kr. en árið 2024 voru um 18,6 m.kr. sem voru utan launakerfis en ekki er gert ráð fyrir kostnaði undir þeim lið árið 2025 sem skýrir að hluta þessa hækkun. Þá er gert ráð fyrir að heildarlaunakostnaður á Beykiskógum hækki um 37,6 m.kr.

Laun og launatengd gjöld
(Í m.kr.)




Þróun launa í samanburði við launavísitölu

Laun og launatengd gjöld vegna búsetukjarnanna þriggja hafa hækkað umtalsvert meira en launavísitala opinberra starfsmann frá árinu 2021

Á tímabilinu hefur launavísitala opinberra starfsmanna hækkað um 24% en launakostnaður búsetukjarnanna um 40%

Þróun launa og launatengda gjalda samanborið við launavísitölu



* Kostnaður vegna árana 2024 og 2025 er byggður á áætlun


SIS mat og fjarvistir vegna veikinda

DRAFT

- Miðað við þessar forsendur er ekki hægt að draga ályktun um hlutfall veikindafjarvista út frá þyngd SIS mats enda margar aðrar áhrifabreytur sem koma til greina.
- Ef að meðaltal SIS mats á íbúa í búsetukjarna er skoðað í samhengi við veikindahlutfall án þess að taka tillit til stöðugilda er hægt að sjá fylgni á milli SIS mats og veikindafjarvista.
- Taki maður tillit til fjölda stöðugilda og áætli meðal SIS mat á hvert stöðugildi er ekki hægt að sjá að það sé fylgni á milli meðaltal SIS mats niður á stöðugildi og veikindafjarvista.

Samanburður á veikindum og þyngdar SIS mats			
	Beykiskógar	Laugarbraut	Þjóðbraut
Fjöldi skjólstæðinga	7,0	6,0	10,0
Heildar SIS mat	74,0	60,0	81,0
Fjöldi stöðugilda	21,7	12,2	16,6
Stöðugildi á hvern skjólstæðing	3,1	2,0	1,7
Meðal SIS mat skjólstæðinga	10,6	10,0	8,1
SIS mat á hvert stöðugildi	3,4	4,9	4,9
Veikindahlutfall (án langtímaveikinda)	6%	5%	3%
Veikindahlutfall alls	8%	5%	3%

Veikindahlutfall í samanburði við stöðugildi og þyngd SIS mats



Rekstrarkostnaður og stöðugildi

DRAFT

Stöðugildi í Búsetuþjónustu

Í skýrslu um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk (tillögur starfshóps), útgefinni af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu er notast við ákveðna nálgun þegar þörf fyrir stöðugildi í búsetuþjónustu eru áætluð.

Heildarfjöldi stöðugilda í búsetuþjónustu var 50,4 árið 2024. Sé litið á viðmið eða nálgun í tillögum starfshópsins í samhengi við raunstöðugildi ber töluvert á milli og stöðugildi umtalsvert fleiri í búsetuþjónustunni hjá Akraneskaupstað.

Nálgun við útreikninga á stöðugildum í áfangaskýrslu II

Fram kemur í skýrslunni að hér sé um ákveðna nálgun að ræða sem í sumum tilfellum kunni ekki að samræmast rekstri tiltekinna þjónustukjarna.

Óljóst er í nálguninni hvort tekið sé tillit til stöðugilda stjórnenda. Viðmið skýrslunnar gera ráð fyrir viðmiðunarstöðugildum fyrir hvern SIS flokk og byggja þau viðmið á raungögnum við mönnun þjónustu í þjónustukjörnum fyrir ólíkar stuðningsþarfir.

Hér er gerð tilraun til þess að varpa ljósi á rekstrarforsendur búsetukjarna Akraneskaupstaðar í samhengi við forsendur starfshóps.

Stöðugildi 2024					
	Heildar stöðugildi	Þar af forstöðumenn og deildarstjórar	Stöðugildi í þjónutu	Viðmið	Mismunur
Beykiskógur	21,7	4,0	17,7	11,9	5,8
Laugarbraut	16,6	3,0	13,6	10,1	3,5
Þjóðbraut	12,1	2,0	10,12	12,4	-2,3
Samtals	50,4	9,0	41,4	34,4	7,0

Nálgun starfshóps Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins		
SIS mat	Stöðugildi	Launakostnaður (mil.kr.)
<4	0,4	3,3
5 - 8	1,1	18,6
9 - 12	1,8	30,4
13 - 16	2,5	42,1
17 - 18	3,0	50,6

02

Tækifæri til úrbóta

Tækifæri til úrbóta

DRAFT



Samstarf og samvinna í rekstri búsetuþjónustunnar

Tækifæri eru til þess að samnýta starfsfólk sé það ráðið til starfa í búsetuþjónustu í stað þess að vera ráðið á ákveðinn kjarna. Starfsfólk getur átt sinn heimakjarna en hægt að færa það á milli ef þörf krefur.

Teymisvinna t.d. iðjupjálfi og þroskapijálfi sem veita stuðning þvert á kjarna.



Stoðþjónusta rekin út frá kjörnum

Starfsfólk sem sinnir stoðþjónustu í málefnum fatlaðra heyrir undir starfsstöðvar búsetu. Tækifæri til að samnýta starfsfólk, skapa þéttara samstarf og samtengingu í þjónustu.

Skoða má hvort að stuðningsþjónusta gæti verið færð með sama hætti. Sérstaklega ef að málaflokkur aldraðra færir til vegna þróunarverkefnisins Gott að eldast.



Gæðakerfi og gæðahandbók

Innleiðing gæðakerfis/gæðahandbókar í búsetu
Stofna verkefnahóp með stjórnendum búsetu og yfirstjórn þar sem þættir gæðahandbókar eru útfærðir.
Gæðahandbók sé tengd við málakerfi, sé aðgengileg og sýnileg í allri starfssemi búsetuþjónustu.



Reglur um sértækt búsetuúrræði og úthlutun

Uppfæra þarf reglur sveitarfélagsins um úthlutun á sértækri búsetu. Forsendur úthlutunar að SIS-mat sé hærra en (5-7).
Þjónustuþegum sem nú eru í búsetu með SIS undir 5 sé fundið annað búsetuform



Einn rekstrarstjóri

Einn rekstrarstjóri sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri og mannauði í búsetu og stoðþjónustu. Rýna áskoranir og tækifæri í því að hafa einn rekstrar-/forstöðumann sem hefur yfirstjórn á búsetukjörnunum en fagleg stjórn fari fram á hverjum kjarna fyrir sig með deildarstjórum.



Samrekin næturvakt

Í dag er einn starfsmaður á næturvakt í hverjum kjarna. Talin er þörf á að auka við þá þjónustu þá sérstaklega á Beykiskógum.
Skoða tækifæri á samvinnu t.d. með hlaupara eða samningi við einkafyrirtæki í formi öryggisgæslu.



Aukin skilvirkni og eftirfylgni vegna fjarveruskráninga

Stuðningur frá mannauðsteymi og stjórnendum til að takast á við veikindafjarvistir og önnur erfið samskipti vegna starfsmannahalds.

Tækifæri stuðnings og stoðþjónusta

DRAFT

- Draga úr aðkeyptri þjónustu en kostnaður við þessa þjónustu var um 140 m.kr. árið 2024. Leita leiða til að sinna þjónustu í heimabyggð og tengja við aðra þjónustu.
- Að þjónustuþegum í stoðþjónustu (einstaklingar sem fá meira en 60 tíma í þjónustu á mánuði) verði sinnt í samvinnu við búsetuþjónustu.
- Að sameina stuðnings-, stoð- og búsetuþjónustu undir einn hatt. Verði af þeim áformum að stuðningsþjónustu við eldri borgara verði sinnt á öðrum stað, í tengslum við verkefnið *Gott að eldast*, er ljóst að töluvert af þjónustunni mun færast annað og aðeins hluti sitja eftir hjá Akraneskaupstað.

Stuðnings og stoðþjónusta	Þjóðbraut	Beykiskógar	Laugarbraut	Aðkeypt úrræði	Stoðþjónusta	Stuðningsþjónusta
Fjöldi íbúa	10	7	6	2	12	32
SIS mat	81	74	60	26	47	129
Meðaltal SIS mats	8	11	10	13	4	4
Framlag Jöfnunarsjóðs 2024	180.606.508	173.569.890	140.669.345	167.861.132	110.177.338	248.627.145
Heildarkostnaður 2024	202.125.640	252.540.050	148.051.548	308.641.340	127.782.572	56.101.648
Mismunur JS/Kostnaðar	21.519.132	78.970.160	7.382.203	140.780.208	17.605.234	192.525.497

Gögn frá 2024

Mat, útfærsla og gæði í þjónustu við fatlað fólk

DRAFT

- Nauðsynlegt er að byggja þjónustu við íbúa á mati á þjónustu, SIS mati og þjónustumati sveitarfélagsins sem útfært er nánar í áætlunum um þjónustu.
- Rekstur búsetuþjónustu og þjónusta við íbúa þarf að byggja á ígrundun og tengingu við mat á þjónustupörf og áætlanir.
- Skipulag mannauðs, þjónustu og rekstur þarf að taka mið af þessu.
- Tryggja þarf að einstaklingum sem ekki eru metnir í þörf fyrir búsetu sé fundið annað þjónustuform.

01

SIS MAT

02

Einstaklingsmiðuð
þjónustuáætlun

Sambætt þjónusta ólíkra kerfa

03

Þjónustuáætlun


Áætlun búsetukjarna

04


Gæðahandbók og
verklag búsetuþjónustu

Núverandi skipurit

DRAFT



Dæmi um skipurit



DRAFT

Vinnustofa

Vinnustofa með forstöðumönnum og deildarstjórum búsetuþjónustu

DRAFT

Á vinnustofu með forstöðumönnum og deildarstjórum voru lagðar fram fjórar spurningar sem unnið var með á fundi þann 8.apríl 2025.

Spurningar:

1. Tæki og áskoranir í rekstri búsetuþjónustu?
2. Hvaða tækifæri liggja í auknu samstarfi í rekstri?
3. Hvernig erum við að nýta möt og þjónustuáætlanir og er mat á þjónustupörf í takt við veitta þjónustu?
4. Hvernig getum við dregið úr veikindafjarvistum hjá starfsfólki?

Áskoranir

Varðveisla gagna
Samræming á bíl (reglur og notkun)
Erfið samskipti við aðstandendur
Samskipti og áreiti
Skortur á langtímahugsun í málaflokknum
Veikindi starfsmanna
Starfsmannavelta
Samskipti milli þjónustukjarna
Þarf að vera einstaklingsmiðið nálgun
Þröng dagsskrá sérstaklega yfir daginn
Vaktir þurfa að vera 4 klst. hið minnsta
Starfslýsingar

Tækifæri

DRAFT

Fækka starfsmönnum hjá þeim sem eru með lægra SIS
Skoða ákveðna vaktir sem enda kl. 22.00 og gætu endað kl. 20.00. Skoða sameiningu vakta eftir kl. 20.00.
Skoða fyrirkomulag með bíla
Skoða tímavinnusamninga
Móta framtíðarstefnu fyrir Akraneskaupstað í þjónustu
Samræma vinnubrögð
Jákvæð vinnustaðarmenning
Að hafa starfsmannarými rúmgóð þannig að tækifæri skapist fyrir starfól að kúpla sig út
Hafa slökunarherbergi fyrir starfsfólk
Hafa alrými fyrir íbúa þar sem þau geta hist eða hægt sé að ræða við þau öll í einu
Fleiri búsetuform
Samræma væntingar
Fleiri búsetuform

Hvaða tækifæri liggja í auknu samstarfi í rekstri?

DRAFT

- Næturvaktir:** Hafa íhlaup/bakvakt á næturvakt fyrir alla kjarna. Hefur reynst vel að hafa 7/7 vaktir. Næturvakt sem flakkar: s.s. 4 næturvaktir.
- Stoð- og stuðningsþjónusta:** Reynsla starfsfólks getur nýst á milli kjarna.
- Samnýting mannauðs:** Fleiri til að kalla út t.d. vegna veikinda. Til að koma í veg fyrir kulnun, ef starfsfólk passar ekki lengur inn í starfshóp, nýting mannauðs.
- Nýta reynslu og þekkingu starfsfólks:** Lengja starfsaldur, lækka veikindatíðni, þróun í starfi.
- Öll stuðningsþjónusta út á kjarnana.**
- Hafa einn rekstrarstjóra yfir allri búsetunni.**

Hvernig erum við að nýta mót og þjónustuáætlanir og er mat á þjónustupörf í takt við veitta þjónustu?

DRAFT

Mat á stuðningspörf:

- **Of mikið/minna:** Einhver fær of mikið, sumir fá minna en gert er ráð fyrir. Líklega einhver að fá of mikla þjónustu og fleiri en einn að fá minna en SIS gefur til kynna.
- **Vaktaplan:** Erum að breyta vaktaplani í takt við þetta.
- **Stöðugildi:** Ágæt þegar engin veikindi eru, fljótt að bitna á þjónustuþegum.
- **Fagaðilar: Fræðsla:** Þarf frekari fræðslu til stjórnenda.
- **SIS:** Ekki alltaf samhljómur, hafa fengið illa unnin SIS. Ekki samhljómur í mörgum tilfellum, SIS ekki í takt við þjónustu eða þjónustupörf að mati fagaðila (forstöðumenn, deildarstjóra).

Hvernig getum við dregið úr veikindafjarvistum starfsfólks?

DRAFT

- **Starfsmannafundir:** Reglulegir starfsmannafundir.
- **Fræðsla:** Fræðsla og aðlögun starfsfólks. Auka fræðslu svo að starfsfólk sé öruggara í umhverfi sínu, hrósa, passa að starfsfólk séu ekki með sama eða þungan einstakling margar vaktir í röð, eiga gott samband við yfirmann.
- **Álag:** Lélegt upplýsingaflæði, óljósar væntingar: hægt að taka á fjarvistum með meiri festu. Of mikið álag eykur líkur á fjarvistum, stöðugt áreiti eykur líkur á fjarvistum. Álag til langs tíma, starfsmönnum líður illa: tala við starfsfólk, samtal, mæta starfsfólki.
- **Vinnustaðamenning:** Léleg vinnustaðamenning sem eykur líkur á fjarvistum: búa til betri vinnustaðamenningu, jákvæð menning sem smitast í starfshópinn. Umbunarkerfi, helgun starfsins.
- **Stuðningur:** Stuðningur frá mannauðsdeild. Mikilvægt að taka á mannauðsmálum með meiri festu.
- **Kulnun:** Kulnun, áhugaleysi, engin helgun í starfi: fræðsla, útskýring á réttindum, áminning í starfi.

DRAFT

Viðaukar

Forsendur skýrslu Félags-og vinnumarkaðsráðuneytisins og rekstur búsetuþjónustu á Akranesi

DRAFT

Kostnaðarflokkar:

- Flokkur I: SIS flokkar 4 og undir. Árlegur kostnaður á hvern notanda: 3,3 m.kr. (0,4 stg.)
- Flokkur II: SIS flokkar 5-8. Árlegur kostnaður á hvern notanda: 18,6 m.kr. (1,1 stg.)
 - *Gert er ráð fyrir að stuðningsþarfir séu að hluta til og ekki viðvarandi og möguleikar á samnýtingu næturþjónustu með öðrum kjörnum. Á við um 44 % af þjónustuþegum.*
- Flokkur III: SIS flokkar 9-12. Árlegur kostnaður á hvern notanda: 30,4 m.kr. (1,8 stg.)
- Flokkur IV: SIS flokkar 13-16 og yfir. Árlegur kostnaður á hvern notanda: 42,1 m.kr. (2,5 stg.)
- Flokkur V: SIS flokkar 17-18. Árlegur kostnaður á hvern notanda: 50,6 m.kr. (3 stg.)

Mönnun, raungögn og langtímaáætlun

- Mönnun byggð á raungögnum frá þjónustukjörnum.
- Kostnaðarmunur fyrir herbergjasambýli vs. íbúðarkjarna.
- Tími: 7-10 ár
- Markhópur: SIS flokkun 5 og hærra (243 einstaklingar)
- Forsendur: Tekjuaukning í samræmi við fjölgun íbúa.

